Stofnfundur Samtaka landbúnaðarsveitarfélaga

Haldinn 7. október á Hilton Reykjavík kl. 15:00.

Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga, setur fundinn og leggur til að hún verði **fundarstjóri** og Freyja Sigurgeirsdóttir, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga verði **fundarritari** fundar sem var samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Tilgangur samtakanna og almennar umræður
2. Samþykktir lagðar fram til samþykktar
3. Fjárhagsáætlun, árgjöld og þóknun stjórnar
4. Kosning formanns stjórnar, annarra stjórnarmanna (fjögurra stjórnarmanna) og varastjórnar (þriggja varamanna) til tveggja ára
5. Kosning tveggja skoðunarmanna
6. Ályktun lögð fram til umræðu og samþykktar
7. Önnur mál

1. Tilgangur samtakanna og almennar umræður.

Jón Björn Hákonarson, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar, fer yfir tilgang samtakanna.

Samtökin eru samtök sveitarfélaga sem hafa beinna hagsmuna að gæta af landbúnaði, matvælaframleiðslu, landnýtingu og byggðaþróun. Tilgangur samtakanna er:

- að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga og íbúa þeirra í öllum málum sem tengjast landbúnaði, matvælaframleiðslu, nýtingu lands og annarra náttúruauðlinda, sem og atvinnuuppbyggingu í dreifbýli;
- að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum aðildarsveitarfélaga, svo sem við mótun laga, reglugerða og opinberrar stefnu sem varðar landbúnað, landnýtingu, umhverfismál, matvælaframleiðslu og byggðaþróun, auk þess að stuðla að fræðslu og kynningu á þeim málaflokkum;
- að taka þátt í umræðu og mótun opinberrar stefnu um rekstrarskilyrði landbúnaðar, nýtingu náttúruauðlinda, innviðamál í dreifbýli, byggðaþróun og aðra þætti sem hafa áhrif á afkomu og framtíð aðildarsveitarfélaga;

- að efla samstarf, upplýsingamiðlun og miðlun reynslu meðal aðildarsveitarfélaga um málefni landbúnaðar, byggðaþróunar og sjálfbærrar nýtingar lands og auðlinda;
- að stuðla að öflugri matvælaframleiðslu, verðmætasköpun og atvinnuuppbyggingu til hagsbóta fyrir aðildarsveitarfélög og íbúa þeirra.

Fundarstjóri ber stofnun samtakanna undir fundinn sem er samþykkt samhljóða.

2. Samþykktir lagðar fram til samþykktar.

Jón Björn fer yfir drög að samþykktum sem send voru út fyrir fundinn og bauð upp á athugasemdir við einstaka greinar. Eftirfarandi athugasemdir bárust:

4. gr. Aðalfundur og kjörgengi

Jón Hrói Finnsson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, gerði athugasemd við orðalag í 2. mgr. 4. gr. Skýrt þurfi að vera að ef aðalmaður hættir þá fer varamaður hans í stjórn samtakanna inn í hans stað en ekki varamaður í sveitarstjórn.

2. mgr. 4. gr. orðist þá svo:

„Kjörgengir á **aðalfund** SLS og í stjórn samtakanna eru kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaga og starfsmenn þeirra. Láti aðal- eða varamaður í stjórn af starfi á vettvangi sveitarfélaga, eða hættir í sveitarstjórn, þá fellur umboð hans niður og skal varamaður hans í stjórn samtakanna taka sæti hans í aðalstjórn.“

Engar athugasemdir við þessar breytingar.

6. gr. - Boðun aðalfundar og árgjöld

Knútur Emil Jónasson, oddviti Þingeyjarsveitar, kom með athugasemd um að tveggja vikna fyrirvari fyrir boðun aðalfundar væri of knappur þar sem sum sveitarfélög funda mánaðarlega. Lagt var til að ákvæðinu væri breytt með þeim hætti að boðun væri með fjögurra vikna fyrirvara í stað tveggja.

1. mgr. 6. gr. orðist þá svo:

„Stjórn SLS skal boða til aðalfundar eigi síðar en fjórum vikum fyrir fundardag. Fundarboði skulu fylgja dagskrá fundarins, ársreikningar samtakanna, tillaga að fjárhagsáætlun og tillögur um lagabreytingar.“

Engar athugasemdir voru gerðar við þessar breytingar.

7. gr. – Dagskrá aðalfundar

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitarstjóri Múlaþings, kom með athugasemd um innsláttarvillu í stafliðum 7. gr. Auk þess benti hún á ósamræmi í orðalagi þar sem ýmist er vísað til tölustafa með tölum eða með bókstöfum.

Engar athugasemdir voru gerðar við þessar breytingar.

10. gr. – Stjórn samtakanna

Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, kom með athugasemd um orðalag í 1. gr. 10. gr. og lagði til að þar stæði „einstaklingar“ í stað „aðilar“.

1. mgr. 10. gr. orðist þá svo:

„Stjórn SLS skal skipuð fimm einstaklingum og þremur til vara. Skulu þeir kosnir á aðalfundi samtakanna, sbr.7. gr. e-lið. Aðalfundur kýs formann sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum og skal kjósa varaformann og gjaldkera. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Við kjör stjórnar skal leitast við að fulltrúar í stjórn samtakanna endurspegli sem best fjölbreytni þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að Samtökum landbúnaðarsveitarfélaga og skal hlutfall kynja í stjórn vera eins jafnt og kostur er, annars vegar í aðalstjórn og hins vegar í varastjórn.“

Engar athugasemdir voru gerðar við þessar breytingar.

Fundarstjóri ber allar samþykktirnar upp til samþykktar og var það samþykkt samhljóða.

3. **Fjárhagsáætlun, árgjöld og þóknun stjórnar**

Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, kynnir tillögu að fjárhagsáætlunum 2026,2027 og 2028 en þær byggja að mörgu leyti á fyrirmyndum annarra samtaka.

Hærri kostnaður er fyrirhugaður fyrsta árið vegna stofnunar samtakanna, s.s. skráning samtakanna og vefsíðugerð.

Bryndís kynnir tillögu um árgjald sem miðar við íbúafjölda.

Lagt er til að árgjald 2027 og 2028 verði:

- 1-1.000 íbúar 150.000 kr.
- 1.001-3.000 íbúar 250.000 kr.
- 3.001-5.000 íbúar 350.000 kr.
- 5.001 íbúar + 450.000 kr.

Lagt er til að árgjald 2026 verði 50% af almennu árgjaldi:

- 1-1.000 íbúar 75.000 kr.
- 1.001-3.000 íbúar 125.000 kr.
- 3.001-5.000 íbúar 175.000 kr.
- 5.001 íbúar + 225.000 kr.

Bryndís kynnir tillögu að þóknun stjórnar þar sem miðað er við sambærileg stjórnarlaun og almennt er hjá öðrum samtökum.

- Formaður fái 3,5% af þingfararkaupi eða 58.369 kr. per fund miðað við núverandi þingfararkaup.
- Stjórnarmenn fái 2,0% af þingfararkaupi eða 33.354 kr. per fund miðað við núverandi þingfararkaup.
- Einnig er lagt til að allir aðal- og varamenn fái fundarboð á stjórnarfundi og geta setið fundi líkt og tíðkast hjá öðrum sambærilegum samtökum og allir fái greitt sem mæta á fund.

Opnað var fyrir umræður undir þessum lið

Eftirfarandi aðilar tóku til máls:

- Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps.
- Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitarstjóri Múlaþings.
- Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- Jón Björn Hákonarson, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar
- Knútur Emil Jónasson, oddviti Þingeyjarsveitar.
- Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps.

Umræður fóru fram um hvort miðað væri við íbúafjölda Hagstofunnar eða Þjóðskrár. Í öðrum samtökum er miðað við töluna frá Hagstofunni og sama viðmið ætti við hér.

Umræður fóru fram um þá tillögu að allir aðal- og varamenn fái fundarboð á stjórnarfundi og að allir fái greitt sem mæta á fund og þá sérstaklega rætt hvort varamenn ættu að fá greitt fyrir fundi. Skiptar skoðanir voru um ákvæðið þar sem fram komu sjónarmið um að kjósi varamenn að mæta á stjórnarfundi ættu þeir að gera það í sjálfboðavinnu. Á hinn bóginn komu fram sjónarmið um að með þessu fyrirkomulagi væri hægt að ná fram víðtækari þekkingu og viðhorfum og tryggja þátttöku sem flestra sveitarfélaga og að þau upplifi að þau hafi rödd í samtökunum. Önnur samtök hafa ýmist farið þessa leið eða fjölgað stjórnarmönnum og lýstu sumir fulltrúar fundarins ánægjulegri reynslu sinni af þeirri breytingu.

Fundarstjóri bar tillögu að stjórnarlaunum samtakanna til samþykktar og var það samþykkt. Einn einstaklingur greiddi atkvæði á móti.

4. **Kosning formanns stjórnar, annarra stjórnarmanna (fjögurra stjórnarmanna) og varastjórnar (þriggja varamanna) til tveggja ára.**

Tillaga var lögð fram um að formaður væri Jón Björn Hákonarson. Lagt var til að fulltrúar í aðalstjórn væru:

- Anton Kári Halldórsson, Rangárþing eystra
- Unnur Brá Konráðsdóttir, Borgarbyggð
- Högni Elfar Gylfason, Skagafjörður
- Dagmar Ýr Stefánsdóttir, Múlaþing

Lagt var til að í varastjórn sætu:

- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Rangárþing ytra
- Nína Axelsdóttir, Húnaþing vestra
- Snæþór Haukur Sveinbjörnsson, Þingeyjarsveit

Opnað var fyrir umræður undir þessum lið.

Eftirfarandi aðilar tóku til máls:

- Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps
- Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Til umræðu var landfræðileg dreifing fulltrúa í aðal- og varastjórn samtakanna.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóhrepps, bauð sig því næst fram í varastjórn og lagði til að hún kæmi inn í stað Margrétar Hörpu Guðsteinsdóttur, sveitarstjórnarfulltrúa í Rangárþingi ytra. Óskað var eftir leynilegri kosningu fundar um tillögu Huldu.

Fundarstjóri bar tillögu að formanni samtakanna til samþykktar og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar tillögu að aðalstjórn samtakanna til samþykktar og var það samþykkt samhljóða.

Kosið var um tillögu Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra Flóahrepps, um að hún kæmi inn í varastjórn í stað Margrétar Hörpu Guðsteinsdóttur, í leynilegri kosningu. Niðurstaða kosningarinnar var eftirfarandi:

- Hulda Kristjánsdóttir fékk 20 atkvæði.
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir fékk sex atkvæði.

Fundarstjóri lagði eftirfarandi tillögu að varastjórn til samþykktar:

- Hulda Kristjánsdóttir, Flóahreppur
- Nína Axelsdóttir, Húnaþing vestra
- Snæþór Haukur Sveinbjörnsson, Þingeyjarsveit

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. **Kosning tveggja skoðunarmanna**

Tillaga kom fram um að skoðunarmenn væru Jóhannes Á. Jóhannesson og Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fundarstjóri bar tillögu að tveimur skoðunarmönnum til samþykktar og var það samþykkt samhljóða.

6. **Ályktun lögð fram til umræðu og samþykktar**

Jón Björn lagði tillögu að ályktun fram til umræðu og samþykktar.

Opnað var fyrir umræður undir þessum lið.

Athugasemdir bárust um orðalag og lagt til að orðið „fæðuöryggi“ kæmi í stað „matvælaöryggis“ í 3. og 4. mgr. ályktunarinnar og að orðið „einnig“ yrði fellt úr 2. mgr.

Engar athugasemdir voru gerðar við þessar breytingar.

Að öðru leyti var tekið undir ályktunina og mikilvægi hennar.

Fundarstjóri bar eftirfarandi tillögu, með breytingum, að ályktun til samþykktar

„Stofnfundur Samtaka landbúnaðarsveitarfélaga lýsir yfir miklum áhyggjum af fyrirhuguðum breytingum á tollflokkun osts með viðbættri jurtaolíu. Samtökin telja óeðlilegt að málið sé enn á ný tekið upp enda hefur það verið til umfjöllunar hjá stjórnvöldum og á dómstólum um árabil og gildandi framkvæmd verið við lýði þann tíma.

Samtökin leggja áherslu á að breytingin snúist ekki einungis um tollflokkun einstakrar vöru heldur geti haft víðtæk áhrif á samkeppnisstöðu innlendrar mjólkurframleiðslu og þá virðiskeðju sem byggir á störfum bænda, afurðavinnslu, flutningum og fjölbreyttri þjónustustarfsemi um land allt. Verulegur hluti íslenskrar mjólkurframleiðslu fer til ostagerðar og geta breytingarnar því haft áhrif langt út fyrir einstök bú og náð til fjölmargra sveitarfélaga þar sem landbúnaður er ein helsta undirstaða atvinnulífs. Að ógleymdu því að bændur hafa farið í miklar fjárfestingar í sinni framleiðslu á síðustu árum til að efla samkeppnishæfni sína og áðurnefndar breytingar geta því haft mikil áhrif á rekstarhæfni þeirra búa. Rétt er að hafa í huga að um 12% af mjólkurframleiðslu hérlendis fara í framleiðslu á rifnum osti og mjólkursamlag á Egilsstöðum hefur sérhæft sig í framleiðslu á Mozzarellaosti eingöngu þannig að um er ræða mikil áhrif á störf víða um land.

Samtökin minna jafnframt á að öflug innlend matvælaframleiðsla er ein af grunnforsendum fæðuöryggis þjóðarinnar. Á tímum aukinnar óvissu í alþjóðamálum er mikilvægt að stjórnvöld taki ákvarðanir sem styðja við innlenda framleiðslugetu og tryggja að landið búi áfram yfir sterkum innviðum til matvælaframleiðslu.

Stofnfundur Samtaka landbúnaðarsveitarfélaga skorar því á Alþingi og ríkisstjórn að falla frá fyrirhuguðum breytingum og tryggja að við mat á málinu verði tekið fullt tillit til áhrifa þess á fæðuöryggi, verðmætasköpun í landbúnaði og byggðafestu í landinu.“

Tillaga að ályktun fundarins var samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál

Jón Björn þakkaði fyrir góðan fund og ítrekaði mikilvægi þess að stíga fram með skýrum hætti og lyfta upp landbúnaðinum.

Fundi slitið kl. 15:58.